
SAMSPIL LITA OG FORMA

Hafsteinn Austmann opnar málverkasýningu í Austursal Kjarvalsstaða í dag. „Þetta eru myndir unnar í olíu og vatnsliti á undanförnum 15 árum," segir Hafsteinn í samtali við HÁVAR SIGURJÓNSSON.




„Kærkomið tækifæri til að stokka spilin," segir Hafsteinn Austmann um sýninguna á Kjarvalsstöðum.

HAFSTEINN segir sýninguna hafa fengið á sig þetta yfirbragð yfirlitssýningar eftir á, ekki hafi verið ætlunin í upphafi að fara að draga saman í sýningu afrakstur undanfarinna fimmtán ára. „Forráðamenn Kjarvalsstaða gerðu mér þetta boð fyrir ári og ég ætlaði mér að mála ný verk fyrir sýninguna. En ég hef verið krankur mikinn hluta úr árinu svo þetta varð niðurstaðan," segir Hafsteinn.

Þetta er stærsta sýning Hafsteins frá því árið 1994 er hann sýndi í Norræna húsinu, en verk hans hafa þó birst á sýningum nærri árlega. „Ég hef verið að sýna vatnslitamyndirnar í Skandinavíu; tók þátt í samsýningu á Den Frie fyrir tveimur árum. Það eru líka nokkrar nýjar myndir á sýningunni en færri en ég ætlaði upphaflega. Það er reyndar alltaf gaman að líta til baka og þetta er náttúrlega merkilegt tímabil hjá mér," segir hann kímileitur. „Frá fimmtugu til sextíu og fimm ára. Mér hefur líka sýnst að málarar verði betri eftir því sem þeir verða eldri, sumir eru bestir þegar þeir eru komnir á tíræðisaldur. Svona sýning verður til þess að maður staldrar örlítið við og stokkar spilin. Nú langar mig mest til að mála hvítt yfir allt sem ég er með heima og byrja upp á nýtt. Kannski verður það svipað en mér finnst þó eins og þessi sýning muni losa um eitthvað. Sýningu fylgir alltaf viss léttir, einhvers konar kaflaskil. Þau kannski sjást ekki svo glöggt þar sem ég hef aldrei tekið neinum stökkbreytingum. Ég var í sveiflulínum á sínum tíma og fór svo meira yfir í beinar línur. Uppbygging myndanna hefur orðið öruggari með tímanum og lítill leikaraskapur á ferðinni. Nú langar mig til að fljúga svolítið. Láta tilviljunina ráða meira ferðinni. Ég veit ekki hvort ég geng svo langt að fara að mála landslag en mig langar til að mála meira tilviljunarkennt. Þetta dreymir mig um

RÓF Í KRÝSUVÍK

Í Vestursal Kjarvalsstaða verður í dag opnuð sýning á landslagsmálverkum og teikningum norska listamannsins Patricks Huse. JÓN PROPPÉ fjallar um listamanninn og verk hans.



Ljósmynd/Golli

Patrick Huse á Kjarvalsstöðum.

PATRICK Huse hefur lengi verið þekktur listamaður í heimalandi sínu, Noregi, og hér á Íslandi eru líka margir sem þekkja til hans eftir að hann sýndi í Hafnarborg árið 1995. Þar var á ferðinni sýningin *Norrænt landslag* með undarlegum draumkenndum myndum af eyðilandslagi við vesturströnd Noregs og var sýningin sérstaklega áhugaverð fyrir okkur Íslendinga sem svo lengi höfum fengist við landslagið í myndum og máli. Nálgun Patricks var önnur en sú sem íslenskum listamönnum hefur verið töm, en þó var eins og myndir hans kölluðust á við íslenska landslagið og mynduðu með því sterkan og ágengan samhljóm.

Þennan samhljóm hefur Patrick líka greint, því frá því hann sýndi í Hafnarborg hefur hann komið til Íslands oft á hverju ári til að skoða, teikna og mála. Afraksturinn sýndi hann svo í fyrra í hinu stóra Henie-Onstad-safni í Ósló, stór málverk og fjölda teikninga sem byggjast á landslaginu við Krýsuvík á Reykjanesi. Sýningin vakti gríðarlega athygli í Ósló, þar sem um fimmtán þúsund manns sáu hana, og heilu síðurnar voru skrifaðar í dagblöðin um verkin og listamanninn. Þessi sýning er nú komin til Íslands og hefur verið sett upp á Kjarvalsstöðum, en þaðan fer hún síðan á söfn í Bandaríkjunum.

Landslagsmálverkið á sér sterka hefð í Noregi líkt og hér, þótt það hafi ekki verið þar eins ráðandi og hér var langt fram eftir öldinni. En þótt stundum megi greina enduróm frá meisturum á borð við Lars Hertevig og Peder Balke í myndum Patricks er landslagslist hans fyrst og fremst byggð á hans eigin rannsóknum, ýtarlegri skoðun sem lýtur ekki aðeins að eftirmyndun náttúrunnar heldur líka, og kannski miklu fremur, að eðli málverksins sjálfs og hlutverki þess í þroska og sjálfsskilningi mannsins. Með öðrum orðum lítur Patrick á málverk sem siðferðislega ákvörðun sem varði afstöðu listamannsins til sjálfs sín, annarra manna og umhverfisins. Þetta viðhorf má greina í verkunum á ýmsan hátt. Til að mynda birtist það í vinnubrögðum Patricks, sem lætur sér ekki nægja hraðsoðnar aðferðir og eða bætir tækninni til að stytta sér leið að markinu. Þvert á móti hefur hann sökkt sér í hinar hefðbundu aðferðir málaralistarinnar og bak við hverja mynd liggur mikil vinna. Sú vinna er ekki aðeins nauðsynleg til að ná fram einhverri tiltekinni áferð eða áhrifum í málverkinu, heldur er hún um leið eins konar íhugun eða jafnvel í ætt við ritúal: Tíminn og vinnan sem listamaðurinn fórnar í hverja mynd verður hluti af henni og gefur henni vægi og dýpt sem hraðvirkari aðferðir ná ekki. Með því er auðvitað ekki sagt að þetta sé eina leiðin til að búa til gott listaverk, en þetta er sú leið sem Patrick hefur ákveðið að fara og sú ákvörð-